

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 129/1999 um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma.

1. gr.

5. gr. orðast svo:

5. gr.

Tilkynningaskyldir sjúkdómar.

Tilkynningaskyldir sjúkdómar eru:

barnaveiki	lifrabólga A
berklar	lifrabólga B
bótílismi	lifrabólga C
Creutzfeldt Jacob veiki og afbrigði hennar	lifrabólga E
enterohemorrhagisk E. coli sýking	lifrabólga vegna annarra veira
giardiasis	linsæri
gulusótt og aðrar blæðandi veiruhitasóttir	listeríusýking
hemofilus influenzae sjúkdómur gerð b	lömunarveiki
hettusótt	meningókokkasjúkdómur
HIV-sýking	miltisbrandur
holdsveiki	mislingar
hundaæði	rauðir hundar
kampýlóbakttersýking	salmonellusýking
kikhósti	sárasótt
klamydíusýking	sígellusýking
kólera	stífkrampi
legiónellusýking	svarti dauði
lekandi	

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 18. gr., sbr. 3. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingu, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 6. júní 2001.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

5. júní 2001

Nr. 448

AUGLÝSING

um deiliskipulag hálandismiðstöðvar við Drekgil, Skútustaðahreppi.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag hálandismiðstöðvar við Drekgil í Skútustaðahreppi.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Mývatnssveit, 5. júní 2001.

F.h. Skútustaðahrepps,

Sigbjörn Gunnarsson sveitarstjóri.